

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2018, mánudaginn 10. september var haldinn 3. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstaddir: Pawel Bartoszek, Híalmar Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Katrín Atladóttir, Örn Þórðarson sem varamaður fyrir Biörn Gíslason og Baldur Borgbórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ómar Einarsson, Arna Schram, Huld Ingimarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar samþykkt um menningar-, íþróttar- og tómstundaráð. Ráðið gerir ekki athugasemdir við framkomin drög að samþykkt. RMF18060004

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs:

Í samræmi við 5. grein samþykktar um menningar-, íþróttar- og tómstundaráð er Bandalagi íslenskra listamanna og Íþróttabandalagi Reykjavíkur heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa hvoru félagi um sig til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar BÍL og ÍBR skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi málaflokka bandalaganna eru á dagskrá. RMF18060004

Samþykkt.

3. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. ágúst sl., vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlun 2019-2023, og tillaga um rammaúthlutun vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2019, dags. 21. ágúst sl. Einnig lögð fram tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar. RMF18050002
4. Fram fer umræða um drög að gjaldskrá menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2019. RMF18050003
5. Fram fer umræða um drög að gjaldskrá íþróttar- og tómstundasviðs fyrir árið 2019.
6. Lögð fram umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs og íþróttar- og tómstundasviðs um styrkbeiðni barnahátíðarinnar Kátt á Klambra. RMF18090001

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð tekur undir efni umsagnar sviðsstjóra og vísar henni til borgarráðs.

- Kl. 14:37 vikur Ómar Einarsson af fundinum.

7. Lögð fram greinargerð um framkvæmd 17. júní í Reykjavík 2018. RMF18030003

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða, og Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á Hönnunarmars 2018. RMF16080010

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Ástþór Helgason, nýráðinn stjórnandi Hönnunarmars, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Fram fer umræða um viðburðastefnu menningar- og ferðamálasviðs sem nú er í undirbúningi. RMF17110005

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Lögð fram trúnaðarmerkt skipan í ráðgefandi faghóp um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála 2019. Trúnaðarmál þar til úthlutun styrkja hefur verið gerð opinber. RMF18080005
Samþykkt.
11. Lögð fram bréf Rithöfundasambands Íslands og Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO með tilnefningum í dómnefnd Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur. Lagt er til að Sabine Leskopf taki sæti í dómnefndinni fyrir hönd menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. RMF18040006
Samþykkt.
12. Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2018 og afrit af bréfi Minjastofnunar Íslands til Alta dags. 17. júlí 2018 um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði Björgunar í Álfsnesvík við Þerneyjarsund. RMF18080007

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur, og Anna Lísu Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16.06

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Elín Oddný Sigurðardóttir
Örn Þórðarson

Sabine Leskopf
Katrín Atladóttir
Baldur Borgþórsson